

## Halldór Stefánsson, vatnsafgreiðslumaður

Afhending 2012/26

Halldór Stefánsson fæddist þann 2. maí 1872 í Haganesi í Mývatnssveit. Hann var yngstur 11 systkina.

Ungur að árum fór Halldór í Búnaðarskólann í Ólafsdal og nam búfræði af Torfa Bjarnasyni. Að loknu námi flutti hann í Bitrufjörð á Ströndum þar sem hann kynntist eiginkonu sinni, Ingibjörgu Lýðsdóttur.

Eftir að hafa búið á ýmsum stöðum um landið fluttu þau hjón til Akureyrar árið 1921 og bjuggu þar til æviloka. Á Akureyri starfaði Halldór hjá vatnsveitunni, fyrst sem almennur starfsmaður en svo var hann fastráðinn sem sölu- og afgreiðslumaður vatns til skipa. Halldór starfaði við það til starfsloka árið 1949.

Halldór var dyggur félagi í Góðtemplarahreyfingunni, var yfirlýstur sósíalisti og tók þátt í verkalyðsbaráttu. Þá var hann einnig listhneigður, orti ljóð og söng. Hann var einn af stofnendum Karla-kórs Akureyrar og söng með honum fram á síðasta dag.

Halldór kvæntist Ingibjörgu árið 1900 og þau eignuðust 2 börn.

Skjölín voru afhent af Magnúsi Stefánssyni. Aðrar afhendingar frá Halldóri eru 2007/4 og 2014/62.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
17. apríl 2020

Sunnefa Lind Þórarinsdóttir  
Skjalavörður

# Héraðsskjalasafnið á Akureyri

## Geymsluskrá

Skrán.nr.	Örk	Efni	Ath.
<b>A-Halldór Stefánsson</b>			
A-Halldór Stefánsson		1895 - 1895	
<b>Halldór Stefánsson (1872-1955), vatnsafgreiðslumaður</b>			<b>2012 / 26</b>
2012 - A / 1	1	1895- 1895 „Um verkfærin" eftir Torfa Bjarnason, skrifað af Halldóri Stefánssyni	10,5 x 16,7 cm ib. - Er í öskju með afhendingu 2014/62